

við frv. til laga um Listasafn Íslands.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 2. gr.
 - a. Aftan við b-lið bætist:

geyma má fé í þessu skyni frá ári til árs.
 - b. Á eftir g-lið komi nýr stafliður, svo hljóðandi:

Að hafa umsjón með öllum listaverkum í eigu ríkisins, þótt þau séu geymd utan safnsins, nema þeim, sem geymd eru í Þjóðminjasafni eða falin þjóðminjaverði eða öðrum til umsjónar.
2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Menntamálaráðherra skipar forstöðumann safnsins, þegar lög þessi öðlast gildi, en safnvörð og annað nauðsynlegt starfslið, þegar fé er veitt í því skyni í fjárlögum. Skulu launin vera hin sömu og hliðstæðra starfsmanna við önnur ríkissöfn.
3. Við 5. gr. Greinin orðist svo:

Mynda skal safnráð fimm manna, þannig:

Forstöðumaður safnsins á sæti í ráðinu samkvæmt stöðu sinni og er jafnframt formaður þess. Forstöðumaður getur falið safnverði að gegna störfum í safnráði í forföllum sínum.

Menntamálaráðherra skipar einn mann í ráðið og varamann hans eftir hverjar alþingiskosningar.

Íslenzkir myndlistarmenn, þeir sem eru eða verið hafa félagar í einhverju félagi myndlistarmanna, sem starfandi eru, þegar kosning fer fram, skulu kjósa úr sínum hópi þrjú menn í safnráð til fjögurra ára í senn og jafnmarga varamenn, tvo listmálara og einn myndhöggvara. Varamenn skulu þeir vera, sem flest hljóta atkvæði næst hinum kjörnu safnráðsmönnum. Verði tala varamanna eigi fullskipuð með þeim hætti, skal kjósa á ný eins marga varamenn og á skortir fulla tölu.

Forstöðumaður safnsins skal gera skrá um þá, er kosningarrétt og kjörgengi hafa til safnráðs samkvæmt framansögðu. Skal skráin liggja frammi í listasafninu hæfilegan tíma, áður en kosning til safnráðs fer fram, til þess að mönnum gefist kostur á að kanna, hvort þeir eru á kjörskrá, og koma fram leiðréttingum.

Undirbúning og framkvæmd kosningar til safnráðs skal menntamálaráðherra fela kjörstjórn, er skipuð sé forstöðumanni safnsins, sem er formaður hennar, ráðuneytisstjóranum í menntamálaráðuneytinu og einum manni, tilnefndum af stjórn Bandalags íslenzkra listamanna.

Kosning til safnráðs skal vera leynileg og fara fram skriflega.

Þegar kjörstjórn er fullskipuð, skal hún láta gera kjörseðla. Kjörstjórn skal síðan senda einn kjörseðil ásamt tilheyrandi umslagi til hvers kjósanda, sem atkvæðisrétt hefur, og tilkynna honum um leið, hvenær kjörseðillinn skuli kominn í hennar hendur aftur. Kjörseðlar skulu sendir í ábyrgðarpósti milli kjósenda og kjörstjórnar.
4. Við 6. gr. Greinin orðist svo:

Meiri hluti atkvæða ræður úrslitum í safnráði, sbr. þó 9. gr. Þó þarf einróma samþykki fjögurra ráðsmanna til ákvörðunar um kaup á listaverkum, ef forstöðumaður safnsins, eða safnvörður í forföllum hans, er henni andvígur. Ef ágreiningur ris milli formanns safnráðs og annarra safnráðsmanna, skal bóka ágreiningsefni og rökstudda greinargerð aðila í gerðabók ráðsins. Slíkum ágreiningi geta aðilar skotið til menntamálaráðherra til úrskurðar.
5. Við 11. gr. bætist nýr málslíður:

Með samþykki safnráðs má þó vikja frá þessu ákvæði.
6. Við 14. gr.

Á eftir orðunum „og til sölu innan veggja þess“ í síðasta málslíð komi: og á sýningum, sem það heldur.